

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2013

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2013 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 53,9 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 9,3 ma.kr. óhagstæðan jöfnuð fjórðunginn á undan. Afgangur á vöruskiptum við útlönd var 21 ma.kr. en afgangur af þjónustuviðskiptum var 46 ma.kr. Jöfnuður þáttatekna var neikvæður um 13,2 ma.kr. Viðskiptajöfnuður án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var hagstæður um 62,5 ma.kr. samanborið við hagstæðan jöfnuð er nam 2,6 ma.kr. fjórðunginn á undan.

Halli á þáttatekjum er eins og áður að miklu leyti vegna innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 16,2 ma.kr. og tekjur um 7,6 ma.kr. Neikvæð áhrif innlánsstofnana í slitameðferð á þáttatekjujöfnuð nema 8,6 ma.kr. Jöfnuður þáttatekna án áhrifa þeirra er því óhagstæður um 4,6 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.734 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 12.380 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 7.646 ma.kr. og lækka nettóskuldir um 175 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 2.738 ma.kr. og skuldir 2.992 ma.kr. og Hrein staða var þá neikvæð um 254 ma.kr. og lækka nettóskuldir um 127 ma.kr. ma.kr. á milli ársfjórðunga.

Breytingar á aðferðafræði á næsta ári

Seðlabanki Íslands fylgir alþjóðlegum stöðlum við uppgjör á greiðslujöfnuði og erlendri stöðu þjóðarbúsins. Á næsta ári verður breyting á aðferðafræðinni þegar tekin verður upp sjötta útgáfa staðalsins *Balance of Payments and International Investment Position Manual* en stuðst hefur verið við fimmtu útgáfuna frá árinu 1996. Á sama tíma munu aðrar þjóðir á evrópska efnahagssvæðinu innleiða hinn nýja staðal. Fyrstu tölur samkvæmt nýrri aðferðafræði, fyrir fyrsta ársfjórðung 2014, verða birtar í byrjun júní. Með nýju útgáfunni munu eiga sér stað breytingar á framsetningu hagtalnanna auk þess sem að helstu skilgreiningar og hugtök breytast til samræmis við þjóðhagsreikninga. Meðal nýmæla er nýr flokkur eigna og skulda,

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

lífeyris og tryggingaskuldbindingar, sem ekki hefur verið birtur í hagtölunum. Heildaryfirlit um breytingarnar er að finna í viðauka 8 í nýja staðlinum². Nánar verður gerð grein fyrir áhrifum breytinganna á hagtölurnar síðar.

Undirliggjandi erlend staða

Athygli er vakin á því að í dag er einnig birt á vef Seðlabanka Íslands greining á undirliggjandi erlendri stöðu þjóðarbúsins.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

| | <u>2012, III</u> | <u>2012, IV</u> | <u>2013, I</u> | <u>2013, II</u> | <u>2013, III</u> |
|---|------------------|-----------------|----------------|-----------------|------------------|
| Viðskiptajöfnuður | 31,9 | -19,6 | 5,6 | -9,3 | 53,9 |
| Vöruskiptajöfnuður | 23,0 | 28,4 | 25,6 | -1,9 | 21,0 |
| Þjónustujöfnuður | 35,0 | -10,8 | 0,0 | 19,2 | 46,0 |
| Þáttatekujöfnuður og framlög, nettó | -26,1 | -37,3 | -19,9 | -26,6 | -13,2 |
| Fjármagnsjöfnuður | -75,6 | 28,9 | -45,4 | -13,4 | -70,3 |
| Fjármagnshreyfingar án forða | -400,0 | 11,7 | -55,3 | -30,5 | -76,3 |
| Erlendar eignir, nettó | -399,1 | 97,4 | -55,8 | -35,1 | 6,5 |
| Erlendar skuldir, nettó | -0,9 | -85,7 | 0,5 | 4,6 | -82,8 |
| Gjaldeyrisforði (- aukning) | 324,5 | 17,2 | 9,9 | 17,1 | 5,9 |
| Skekkjur og vantalið, nettó | 43,6 | -9,3 | 39,8 | 22,7 | 16,5 |
| <i>Liðir til skýringar:</i> | | | | | |
| Viðskiptajöfnuður án áhrifa gömlu bankanna | 52,2 | -5,9 | 17,2 | 2,6 | 62,5 |

² *Balance of Payments and International Investment Position Manual, 6th Edition. Appendix 8.* <http://www.imf.org/external/pubs/ft/bop/2007/pdf/appx8.pdf>

Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma

| | <u>2012, III</u> | <u>2012, IV</u> | <u>2013, I</u> | <u>2013, II</u> | <u>2013, III</u> |
|---|------------------|-----------------|----------------|-----------------|------------------|
| Erlendar eignir, alls | 4.456 | 4.855 | 4.722 | 4.688 | 4.734 |
| Bein fjárfesting erlendis | 1.618 | 1.587 | 1.510 | 1.495 | 1.507 |
| Erlend markaðsverðbréf | 902 | 1.073 | 1.086 | 1.117 | 1.201 |
| Aðrar fjáreignir en forði | 1.402 | 1.654 | 1.621 | 1.589 | 1.548 |
| Gjaldeyrisforði | 533 | 540 | 505 | 486 | 478 |
| Erlendar skuldir, alls | 13.338 | 13.103 | 12.697 | 12.508 | 12.380 |
| Bein fjárfesting á Íslandi | 1.699 | 1.337 | 1.279 | 1.272 | 1.250 |
| Innlend markaðsverðbréf | 2.013 | 1.500 | 1.464 | 1.408 | 1.237 |
| Aðrar erlendar skuldir | 9.626 | 10.266 | 9.954 | 9.828 | 9.894 |
| Hrein staða við útlönd | -8.883 | -8.248 | -7.975 | -7.821 | -7.646 |
| <i>Liðir til skýringar:</i> | | | | | |
| Hrein staða við útlönd án innláns- stofnana í slitameðferð | -1.111 | -487 | -415 | -381 | -254 |

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.